



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 24. september 2024, fundur hófst kl 18:00.

**Staður:** Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Hermann Vilmundarson, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson, Þórunn Sigurðardóttir framkvæmdastjóri

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson (námsleyfi)

### 1. Nýr Framkvæmdastjóri

Fundurinn hófst á því að nýráðinn framkvæmdastjóri Sprettis, Þórunn Helga Sigurðardóttir var boðin velkomin til starfa.

### 2. Félagsfundur

Farið var yfir texta fyrir félagsfund. Búast má við að taðmálið verði fyrirferðamikið.

### 3. Setja framkvæmdastjóra inn í starfið

Framkvæmdastjóri þarf að fá admin aðgang að miðlum félagsins og aðgang að fjárhagskerfi. Rætt um vöntun á handbók framkvæmdastjóra, Þórunn byrjar að skrá niður eftir því sem fram vindur. Einnig þarf að komast að því í hvaða Google business aðgangur Sprettur var stofnaður.

### 4. Önnur mál

Rætt um stöðuna með heimasíðuna og netfangið [Sprettur@sprettarar.is](mailto:Sprettur@sprettarar.is), samþykkt að stjórn taki yfir þetta netfang.

Mikilvægt að það sé á ábyrgð framkvæmdastjóra að tryggja yfirfærslu þegar t.d. stjórnarmeðlimir hætti.

Tillaga um Íslandsmót innanhúss frá formönnum allra hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Davíð og Lárus fara með Þórunni í gegnum öll kerfin, verklag og aðgang.

Fundi slitið kl. 20:20

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson